

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

*Breyting á deiliskipulagi Hellnabrauns, 2. áfangi – Álfhella 11.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. janúar 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnabrauns, 2. áfanga vegna Álfhelli 11.

Breytingin felst í því að stærð og legu byggingarreits er breytt, innkeyrsla við Dranghelli færast norðar. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

*Nýtt deiliskipulag fyrir Baughamar 13, þróunarreitir 33C í Hamranesi.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 17. janúar 2024 deiliskipulag fyrir Baughamar 13. Á lóðinni er gert ráð fyrir 52 íbúðum í tveimur 6 hæða húsum með inndreginni 6. hæð. Húsin tengjast á sameiginlegri bílageymslu. Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Hafnarfirði, 17. janúar 2024.*

F.h. skipulagsfulltrúa,

**Anne Steinbrenner** verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 31. janúar 2024